



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um þjóðarleikvanga Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttatíng ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, hvetur ríki og sveitarfélög til að halda áfram uppbyggingu þjóðarleikvanga fyrir sem flestar íþróttagreinar og skapa þannig íþróttafólkinu okkar viðunandi æfinga- og keppnisaðstöðu, sem tryggir að Ísland geti uppfyllt kröfur alþjóðasambanda varðandi þátttöku í mótum þeirra og kröfur þeirra um keppnisaðstöðu við alþjóðlegt mótahald.

Greinargerð:

Flest sérsambönd innan ÍSÍ vantar varanlega aðstöðu (þjóðarleikvanga) til æfinga og keppni fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla framþróun í afreksstarfi íþróttahreyfingarinnar.

Mikil tilhlökkun ríkir um byggingu þjóðarhallar fyrir innanhússíþróttir og miklar væntingar til þess að innan skamms verði sú uppbygging hafin í Laugardalnum en þó að sú bygging leysi vanda nokkurra íþróttagreina þá vantar sárlega mannvirki fyrir aðrar.

Sumar íþróttagreinar eru á miklum hrakhólum með allt sitt starf og meðal annars dæmi um að allt mótahald fari fram á veitingahúsum (keiluíþróttin) sem teljast má neyðarúrræði þegar um er að ræða barna- og ungmennastarf.

Íþróttahreyfingin þarf stuðning frá opinberum aðilum til að tryggja umhverfi og aðstöðu fyrir afreksíþróttafólk Íslands svo það geti staðið jafnfætis sínum keppinautum í alþjóðlegri keppni.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar